

67. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar hélt fund miðvikudaginn 9. mars, kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Grétar D. Pálsson, Kristján Gunnlaugsson, Dagný Þórisdóttir, Þorgrímur Kristinsson, Guðmundur Kristinsson, Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

DAGSKRÁ

1. Fyrirspurn frá Haraldi Sigurðssyni um leyfi til að byggja bílskúr á Bókhliðustíg 10 samkvæmt tillöguteikningum.
Tekið er jákvætt í tillöguteikningar.
2. Hinrik Hjartarsson og Guðmunda Þ. Ragnarsdóttir sækja um að fá leyfi til að klæða hús við Silfurgötu 32 að utan með viðarklæðningu og bílskúr með bárujárn og loka glugga á framhlið hússins.
Samþykkt með því skilyrði að bílskúr sé klæddur með viðarklæðningu. Leyfisgjald kr. 3000.-
3. Fyrirspurn frá Hermundi Pálssyni og Kristínu H. Víðisdóttur um leyfi til að byggja við hús að Nestúni 7 samkvæmt tillöguteikningum.
Jákvætt samanber tillöguteikningar.
4. Fyrirspurn frá Sigurði Ágústssyni ehf um lóðarstækkun og að reisa frystiskemmu vestan við lóð Hamraenda nr. 1 samkvæmt tillöguteikningum.
Jákvætt að uppfylltum kröfum Flugmálastjórnar.
5. Önnur mál:
 - 5.a. Þ.B. Borg / Þorbergur Bæringsson og Emil Guðbjörnsson sækja um að byggja parhús á lóð C við Borgarbraut, samtals 145 m², 478.8 m³.
Erindi samþykkt. Gjöld kr.....
 - 5.b. SS - veitingar ehf /Sæþór Þorbergsson sækir um að gera nýja hurð á suðurgafli hússins að Aðalgötu 3 , Narfeyrarstofu samkvæmt teikningum Glámu – Kím dags. 9. mars 05.
Erindi samþykkt með fyrirvara um samþykki Húsfriðunarnefndar. Leyfisgjald kr. 3000.-

5.c. Monika Axelsdóttir og Hafsteinn Kristinsson leggja fram fyrirspurn samkvæmt bréfi dags. 8. 03.05, um leyfi fyrir að innkeyrsla að bílskúr við Laufásveg 16 verði frá Laufásvegi í stað Aðalgötu.

Tekið er jákvætt í erindið enda verði aðkeyrsla að bílskúr leyst innan lóðar Laufásvegjar 16.

5.d. Bárður Eypórsson sækir um leyfi til að hækkan á framhlið hússins að Lágholti 1 verði úr timbri í stað steinsteypu samanber samþykkt frá 9.02.05.

Erindi samþykkt.

5.e. Guðmundur Kristinsson og Birna Sævarsdóttir sækja um leyfi til að hækka gólfkóta um 0.5 m og færa hús til á byggingarreit við Hjallatanga 11, samkvæmt teikningum Brynjars Daníelssonar.

Erindi samþykkt.

Guðmundur Kristinsson situr hjá undir lið 5.e..

5.f. Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun um námskeið um skipulagsmál sveitarfélaga þann 14. apríl n.k.

Fleira var ekki rætt. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:30.

Kristján Gunnlaugsson (sign)
Dagný Þórisdóttir (sign)
Þógrímur Kristinsson (sign)
Guðmundur kristinsson (sign)
Grétar D. Pálsson (sign)
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)

